



Skipulagning námsþátta og gerð kennsluáætlana

Þessi hluti útskýrir sniðmátið fyrir skipulagningu námsþátta og gerð kennsluáætlana (fyrir eina eða fleiri kennslustundir í senn) sem hægt er að nota til að innleiða aðferðafræðilegan ramma Digital Destiny. Sniðmátið hjálpar kennurum að hugsa um ólík viðfangsefni sem hægt er að vinna með og þannig samþætta samfélagslegar áskoranir inn í mismunandi námsþætti/námsfög, notk kennslufræði hugsmíðafræðinga og íhugun og mat. Sniðmátið hjálpar kennurum einnig að skipuleggja samskipti við foreldra til að styðja við áframhaldandi nám utan kennslustofunnar.

Sniðmátið er byggist á hugtakinu "Afturábak hönnun". Afturábak hönnun er ferlið við að hanna námsþátt, einstaka kennslustund eða námskeið með því að ákveða fyrst hverjar lokaniðurstöður eiga að vera (hæfniviðmið), síðan skipuleggja matsaðferðir og að lokum ákveða aðferðir við kennslu og verkefni. Þessi aðferðafræði gerir kennurum kleift að skipuleggja kennslustundir, námsþætti og námskeið þar sem áherslan er á nemendamiðað nám.

Skipulagning námsþáttar

Námsþáttur samanstendur af tilteknum fjölda kennslustunda (ákvörðun kennara hversu margar kennslustundir eru í hverjum námsþætti) sem allar tengjast skilgreindri hæfni sem nemandi á að búa yfir í lokin það getur tekið viku eða nokkrar vikur að ljúka einum námsþætti.

Í þessum hluta þarf kennari að:

- ❑ Velja námsþátt/námsfag
- ❑ Ákveða lengd námsþáttarins
- ❑ Gefa námsþætti nafn
- ❑ Bera kennsl á þverfaglegt eðli námsþáttarins (s.s. námsþátturinn er innan náttúrufræði en mun samþætta læsi og stærðfræði sem dæmi)
- ❑ Velja eina eða fleiri samfélagslegar áskoranir sem passa vel til að samþætta inn í í námsþáttinn.

Markmið og áætlun útkoma

Í þessum hluta þarf kennari að:

- ❑ Skilgreina markmið námsþáttarins (hvert er meginmarkmiðið (tilgangurinn) og mögulega sértæk markmið)



- ✦ Ákveða hvaða þekkingu nemendur öðlast (það sem nemendur munu vita), hvaða færni (hvað þeir munu geta gert), viðhorf (hvaða skoðanir, gildi, eiginleika og hvatir munu nemendur þróa) og hæfni (hvernig nemendur geta beitt þekkingu sína, færni og viðhorfi) sem þeir munu hafa í lok námsþáttar.

Mat

Í þessum hluta þarf kennari að:

- ✦ Hugsa um og taka ákvarðanir um ólíka matsaðferðir sem hægt er að nota í gegnum námsþáttinn
- ✦ Ákveða hvort eigi að framkvæma stöðumat, og þá hvernig, til að meta hvar nemendur standa í byrjun og til að tryggja að inntak námsþáttar falli að getu nemenda.

Þátttaka foreldra/forráðamanna

Í þessum hluta þarf kennari að:

- ✦ Ákveða hvernig og hvenær foreldrar/forráðamenn koma að námsþætti.
- ✦ Hugsa um ólíka valkosti varðandi þátttöku þeirra eins og: bréf, leiðbeinandi spurningar til að spyrja heima, heimanám og önnur verkefni.

Kennsluáætlanir

Einstaka hlutar námsþáttar eru ekki ítraðir í hverri kennsluáætlun innan námsþáttar. Notað verður eitt sniðmát fyrir hverja kennsluáætlun (ein eða fleiri kennslustundir).

Almennar upplýsingar

Þessi hluta þarf kennari að:

- ✦ Gefa kennsluáætlun heiti
- ✦ Ákvarða lengd kennslustunda innan áætlunar

Markmið og áætluð útkoma

- ✦ Í þessum hluta þarf kennari að:
- ✦ Skilgreina markmið kennsluáætlunar (hvert er meginmarkmiðið (tilgangurinn) og mögulega sértæk markmið)
Ákveða hvort eigi að framkvæma stöðumat, og þá hvernig, til að meta hvar nemendur standa í byrjun og til að tryggja að inntak námsþáttar falli að getu nemenda.



Mat

- ✦ Í þessum hluta þarf kennari að:
Hugsa um og ákveða hvaða matsaðferðir þeir munu nota í kennslustundunum
- ✦ Ákveða hvort eigi að framkvæma stöðumat, og þá hvernig, ef eitthvað, til að meta hvar nemendur standa og til að tryggja að kennslan falli að getu nemenda.

Skipulagning verkefna

Þessum hluta þarf kennari að:

- ✦ Ákveða hversu mörg verkefni verða unnin í hverri kennslustund (innan áætlunar)
- ✦ Ákveða hvaða kennslufræðilega aðferð verður notuð í hverju verkefni fyrir sig
- ✦ Ákveða lengd hvers verkefnis
- ✦ Útskýra inntak verkefnis
- ✦ Ákveða hvaða efni og stafræn tækni verða notuð í kennslunni

Þátttaka foreldra/forráðamanna

- ✦ Í þessum hluta þarf kennari að:
Ákveða hvernig og hvenær foreldrar/forráðamenn koma að verkefni
- ✦ Hugsa um valkosti varðandi þátttöku þeirra eins og: bréf, leiðbeinandi spurningar til að spyrja heima, heimanám og önnur verkefni.

Ígrundun

Í þessum hluta þarf kennari að:

- ✦ Hugsa um og svara spurningum um kennsluáætlunina
- ✦ Ákveða hvað virkaði vel, hvað virkaði ekki, hverju á að halda og hvað á að fjarlægja úr kennsluáætluninni. Hér er mikilvægt að skrifa niður hugsanir sínar.